



Uppúr hádegi 23. nóvember 1921. Fyrstir fara 80 hvítliðar vopnaðir ar frumstað í þá daga hjá því sem nú er orðið, svo þröng komu- um norðurdýrnar. Til vinstri eru dyr út úr svonefndri sólstofu en a drenginn Nathan Friedman 18. nóvember, þegar hann var hrif- u húsín á Landakotstúni, Garðastræti var ekki til þegar þetta gerðist.

RA AFMÆLI

opnast

sínum

„að annast tollinnheimtumál embættisins“ til áramóta (Vísir, 24. nóv.). Var sú skipun all und- arleg, því að samkvæmt stjórn- arskrá konungsríkisins Íslands hafði konungur einn vald til að skipa menn í embætti og víkja mönnum úr þeim.

Þessi fyrrverandi sjóliðsfor- ingi í danska hernum gerðist nú hæstráðandi í Reykjavík í tvo daga. Þá uppgötvaðist allt í einu, að lögreglustjóri gat lög- um samkvæmt aðeins verið einn í Reykjavík, og eftir það kall- aði Jóhann P. Jónsson sið að- eins „aðstoðarlögreglustjóra í Reykjavík“. Verkefni hans var fyrst í stað að vopna og æfa í manndrápum lögreglu og varð- menn bæjarins og auk þeirra 5. sveitir hvítliða, 200 manns. Alls „gáfu sig fram“ 400 manns til þessarar starfa. Var því fyrst haldið fram af íhaldsins hálfu, að hér væri um „sjálfboðaliða“ að ræða, en síðar kom í ljós, að

framkvæmt hafði verið herút- boð allra hvítliða í bænum. Um það vitnar auglýsing, sem Jó- hann P. Jónsson neyddist til að birta í blöðum bæjarins þann 26. nóv.: „Vegna misskilnings, sem komið hefur fram í bæ- num út af orðinu „sjálfboðalið“ lýsi ég hérmeð yfir, að vara- lögreglulið það, sem hefir að- stoðað mig við handtöku Ólafs Friðrikssonar o. fl. neitaði að taka til starfa nema eftir sér- stakri kvaðningu til hvers ein- staks manns, og hefir enginn varalögreglumaður starfað sem slíkur fyrr en hann hefir feng- ið kvaðningarbref.

Reykjavík, 25. — 11. — '21.

Aðstoðarlögreglustjórinn í Reykjavík

Jóhann P. Jónsson.“

Þeir „sjálfboðaliðar“, sem kvaddir höfðu verið í skyndingu til herþjónustu til varnar hug- sjónum íhaldsins, voru aðallega úr Skotfélagi Reykjavíkur, fé- laginu „Stefni“ og ennfremur aðrir íhaldsmenn bæjarins. Þeir lögðu þegar í stað undir sig Iðnaðarmannahúsið (Iðnó) og var herforingjaráðið þar til húsa. Einnig lögðu þeir undir sig geymslur skotfæraverzlunar Jóh. Ólafssonar & Co. og höfðu þar vopna- og skotfæraförðabúr. Allan þriðjudag 22. nóvember fór fram ákafur undirbúningur undir orrustuna við alþýðu Reykjavíkur.

Þegar í stað tók hinn fyrr- verandi danski sjóliðsforingi sér alræðisvald í hendur. Bannaði fundahöld, kom á símskeyta- skoðun og símtalahlustun, skipu- lagði njósnir um menn hvar- vetna í bænum. Allt þetta var gert í krafti tilskipunar sjóliðs- Framhald á 11. síðu.

BÓK MENNTIR

Sýnisbók Kristmanns

Kristmann Guðmundsson:
VÖLUSKRÍN; sögur, ljóð
o.fl. Almenna bókafélagið,
Reykjavík 1961.

Bók þessi er gefin út af Al- menna bókafélaginu í tilefni af sextugsafmæli höfundarins. Í bókinni eru 18 sögur, ræða, rit- gerð og nokkur ljóð. Í formála segir að bókin sé gefin út sem „sýnisbók“, en ekki sé um að ræða úrval úr verkum Krist- manns. Höfundur hefur sjálf- ur valið efni til bókarinnar. Þótt höfundar séu að jafnaði ekki dómbærari á verk sín en hver annar, hlýtur það þó að mega teljast nokkur trygging þess, að hér sé saman komið það af verkum höfundar, er hann telur helzt eiga erindi við okkur, að frátöldum hinum lengri sögum hans.

Í formála segir að vísu að höfundur hafi valið sögurnar „með það í huga að þær sýndu sem flestar hliðar á smásagna- gerðarlist hans, án þess þó að þær þættu endilega þær beztu þeirra“. Sé þetta rétt, sem varla verður efað, tekur maður einna fyrst eftir því við lestur bókarinnar hve „smásagnagerð- arlist“ Kristmanns hefur fáar hliðar. Sögurnar eru flestar mjög líkar. Þær eru rómantísk- ar með ljóðrænum blæ. Málfar- ið oft hátiðlegt, uppskrúfað og fremur einhæft. Inní þær er víða hrúgað dómadags firnum af hástigs lýsingarorðum, er virðast ekki þjóna neinum skynsamlegum tilgangi en slíta frásögnina oft í sundur svo les- arinn veit varla sitt rjúkandi ráð. Hann er allt í einu kom- inn inni einhvern annarlegan þokuhjúp, innan um dularfull- ar verur frá öðrum heimi.

Ásgerður Búadóttir:
Rauði hatturinn
og krummi.
Helgafell 1961.

Bók Ásgerðar Búadóttur er ætluð allra yngstu börnunum, þeim sem hafa ekki enn lært þá kúnt að lesa, en eru þó manna þakklátust fyrir góða sögu og kunna vel að meta lit- skrúðugar myndir.

Ein saga ber þó af öðrum í bókinni, en það er sagan „Svona er lífið“. Hún segir frá gömlum sveitarlími, sem ætlar að grípa til þess óyndisúrræðis að hengja sig, því hann hefur misst allt það, sem nokkurs virði er í lífinu. Jafnvel brenni- vinstár er ófáanlegt. Það verð- ur karli til lífs að sjálfur kaup- maðurinn, sem orðinn er gjald- þrota, kemur á móti honum riðandi, með nóg af brénnivíni, og þegar það er fengið er engin ástæða lengur til angurs og mæðu, hvað þá að svipta sig lífinu, og hann heldur aftur heim á leið hinn ánægðasti með axlafulla brennivínsflösku, gjöf kaupmannsins. Eg las þessa sögu fyrir allmörgum ár- um í Lestrarabók Sigurðar Nor- dals og líkaði hún vel. Það álit hefur ekki breytt við endur- lestur hennar nú. Sagan er vel skrifuð og skemmtileg. Það er yfir henni viss raunveruleiki, sem virðist næsta sjaldgæfur í smásögum Kristmanns. Önnur bezta sagan í bókinni heitir „Samvizka hafsins“. Þetta er allgóð saga og ber nokkur sömu einkenni og hin fyrr- nefnda, en þessar tvær sögur eru hinar elztu í bókinni, og er það útaf fyrir sig nokkurt athugunarefni.

Ljóðunum í bókinni er skipt í tvo kafla. Annar hefur að geyma æskuljóð. Hinn ný eða nýleg ljóð. Heldur er þetta máttlittill skáldskapur, og þó sýnu léttara yfir eldri ljóðun- um, t.d. er „Þula“ snoturt ljóð og áferðarfallett. Yfir hinum nýrri ljóðum er einhver remb- ingslegur mæðusvipur, sem ger- ir þau heldur ófýsilegt lesefni. „Litla kaffi“, nefnist reyfari, sem höfundur hefur af ein-



Kristmann Guðmundsson

hverjum ástæðum viljað hafa með í bókinni. „Viðleitni“ heit- ir hugguleg ræða flutt í Guð- spekifélaginu, og aftast er svo ritgerðin „Að eiga og missa“, sem mun vera samin á stríðs- árunum síðari. Þetta er býsna góð ritgerð, hófsöm og öfga- laus.

Bókin er snoturlega útgefin, og mér næst að halda að í henni komi nokkuð glöggst fram helztu höfundareinkenni Krist- manns. Myndi ég ráðleggja þeim, sem vilja kynna sér rit- mennsku hans, að byrja á að lesa þessa bók.

Ekki get ég lokið þessu rabbi án þess að minnst frekar á formálann, sem er skrifaður af Gunnari G. Schram. Mér finnst það hefði verið sjálfsögð hátt- vísi af útgefanda að fá til þess starfs einhvern ritfæran mann, sem hefði a.m.k. lesið bækur Kristmanns og getað sagt okk- ur eitthvað um ritstörf hans.

Jón frá Pálmholti.

Barnabók á heimsmarkað

Sagan er ekki sögð í mörg- um orðum, en hún er hnitmið- uð og sérega vel sniðin við hæfi barna á aldrinum 2—3 ára. Hugmyndin að sögunni er hnyttin og kunnáttulega fram- sett af skilningi á kímni og á- hugaefnum barna á þessu ald- ursskeiði.

Allt útlit bókarinnar er ný- tizkulegt og framúrskarandi

smekklegt. Klippmyndirnar eru einfaldar að formi, lifandi og fallegar. Þær eru í fimm litum. rauði hatturinn og svartí krummi gefa þeim glaðlegan svip, en bláa þeysan og grænu buxurnar hans Tuma bregða yfir þær fágudum finleika, sem stundum minnir á hin fögru veggteppi Ásgerðar.

Textinn er prentaður á fimm tungumálum: íslenzku, ensku, þýzku, dönsku og frönsku. Hvert mál hefur sinn lit af þeim fimm litum, sem mynd- irnar eru í, og tekst Ásgerði þannig að skapa myndræna heild úr opnunni. Annars vegar er síðan með litprentuðum text- anum, sem líkist röndóttu klæði, hins vegar síðan með klippmyndinni.

Því miður hefur læðst villa inn í íslenzka textann á ein- um stað. Þar stendur: „Tumi varð fjarska, fjarska glaður að eignast svona fallegar fjaðrir og flýtti sér að festa þeim í hattinn sinn.“ Þetta virðist mér þágufallssýki. Annan galla fann ég ekki í þessari fallegu bók.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Ibúðarhús í Smálöndum

eyðileggst í eldsvoða

Í gærmorgun klukkan 20 mín- útur fyrir 9 var slökkviliðið kvatt inn í Smálönd að húsinu Eggjavegi 3. Er á staðinn kom stóð eldur út um alla glugga og fékk slökkviliðið ekki við neitt ráðið, enda vatnslaust í hverfinu og varð að sækja allt vatn niður að rafstöð. Stafaði vatnsleysið af því, að rafmagnslaust var í hverfinu, en vatni þangað er dælt með rafmagnsdælu.

Húsið er talið eyðilagt af völdum eldsins og eins brann allt innbú, sem var óvátryggt. Hef- ur eigandinn, Friðsteinn Helga- son, er bjó þarna með 7 manna fjölskyldu, orðið fyrir mjög miklu tjóni.

Húsið var einnar hæðar timb- urhús, múrhúðað að utan. Ekki er vitað um eldsupptök fyrir víst, en álitíð er að kviknað hafi í út frá oliukynditæki.